

ENSK3FV05 Fjarnám Námsáætlun Vorönn 2020



Verkefnaskólinn á Akureyri

Kennari	Jónas Jónsson	Sk.st.	JÓJ
----------------	---------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Áfanginn er kenndur á vefumhverfinu í Moodle og er ætlaður nemendum á félags og hugvísindabraut. Meginmarkmið áfangans er að auka og auðga orðaforða, efla skilning á grundvallarhugtökum félags- og hugvísinda, þjálfar lestur faglegra texta og skáldverka sem fjallað er um á fræðilegan hátt, hagnýta sérhæfðan orðaforða. Lögð er áhersla á að nemendur vinni sjálfstætt með fjölbreytt efni og margvísleg verkefni innan hugvísindanna.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- orðaforða, málstofnum, orðmyndun og öðru sem gerir nemanda kleift að tileinka sér lesefni sem tengist félags- og hugvísindum í áframhaldandi námi og starfi.
- ólíkum menningarheimum með áherslu á víðsýni, umburðarlyndi og gagnrýna hugsun t.d. varðandi lýðræði, mannréttindi, trú, kynhneigð, kynþátt og þjóðerni.
- því sem einkennir talað og ritað mál í félags- og hugvísindum.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja sérhæfða texta á sviði félags- og hugvísinda.
- lesa sér til gagns almenna og krefjandi texta og vinna með þá.
- beita ritmáli í mismunandi tilgangi með stílbrigðum og málsniði sem á við, t.d. útdrætti, ritgerðir og kynningar.
- nota orðaforða félags- og hugvísinda til að tjá sig skriflega um margvísleg málefni.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta sér texta, um fræðileg málefni.
- hagnýta sér fræðitexta og meta heimildir á gagnrýninn hátt.
- geta flutt vel uppbyggða frásögn, kynningu eða greinargerð, dregið fram aðalatriði og rökstutt mál sitt nokkuð nákvæmlega með dæmum og geta brugðist við spurningum.
- nota rithefðir sem eiga við í textasmíð hverju sinni.
- geta útskýrt flókna texta og nýtt faglegan orðaforða á lipran og skýran hátt í ritun.
- geta metið og aflað heimilda eftir mismunandi leiðum s.s. af neti, bókasafni og öðrum upplýsingaveitum samkvæmt þeim venjum sem gilda um heimildavinnu.

Námsgögn:

English for the Social Sciences, textabók á Moodle (hefti – fæst á skrifstofu VMA)
Khaled Hosseini: *A Thousand Splendid Suns* (bókabúðir, allar óstytta útgáfur)
Verkefni og námsgögn á Moodle.

ENSK3FV05 Fjarnám Námsáætlun Vorönn 2020



Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatspáttá:

Tímabil (vikunúmer/lotu- númer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatspáttá
Lota 1 / Vikur 2-4	Lesnir textarnir: What is Sociology, Theories and Words, The Dark Side of Psychology, Bullying. Lesnir 10 fyrstu kaflarnir í <i>A Thousand Splendid Suns</i>	Vikuleg verkefni á Moodle	Vikuleg verkefni: 8,75%
Lota 2 / vikur 5-8	Lesnir textarnir: What is Culture, An Introduction to the Social Sciences. Lesnir kaflar 11-50 í <i>A Thousand Splendid Suns</i> Ritunarverkefni úr <i>A Thousand Splendid Suns</i>	Vikuleg verkefni á Moodle 5 spurningaverkefni úr <i>A Thousand Splendid Suns</i> Ritunarverkefni úr <i>A Thousand Splendid Suns</i>	Vikuleg verkefni: 8,75% Spurningaverkefni: 15% Ritunarverkefni: 10%
Lota 3 / vikur 9-11	Lesnir textarnir: Social Anthropology and Sociology, Defining Culture. Ritgerðarvinna	Vikuleg verkefni á Moodle Ritgerð skilað: Turnitin á Moodle	Vikuleg verkefni: 8,75% Ritgerð: 10%
Lota 4 / vikur 12-14	Lesnir textarnir: Women becoming Men, Lara Croft, The Amish, The Virginia Tech Student Massacre, Avatar Fantasy Life, You can't be thin enough.	Vikuleg verkefni á Moodle Lokapróf í maí	Vikuleg verkefni: 8,75% Lokapróf: 30%

ENSK3FV05 Fjarnám Námsáætlun Vorönn 2020



Verkefnaskólinn á Akureyri

Námsmat og vægi námsmatsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Vikuverkefni á Moodle	Lesnir textar í textabók á Moodle og unnin verkefni	35%	
Skáldssaga	5 vikuverkefni og ritgerðarspurningar úr skáldssögu	25%	
Ritgerð	Nemendur hafa val um 4 ritgerðarefni (Turnitin)	10%	
Lokapróf	Skriflegt lokapróf úr textum & verkefnum annarinnar	30%	
	Samtals:	100%	
<u>Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.</u>			

Dagsetning:

13 jan 2020

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils